



Gönguferðir í fjallendi við vetraraðstæður og á jöklum

Leiðbeinandi dæmi um útfylltan gátlista nr. 203

4. útgáfa 2018

Í 4. útgáfu eru sértæk gæðaviðmið sett fram í formi gátlista sem þátttakendur fylla sjálfir út. Til að gátlistinn sé metinn fullnægjandi af úttektaraðila er nauðsynlegt að gefa greinargóðar skýringar á því hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Úttektaraðili mun fara yfir ákveðin atriði úr gátlistanum í úttekt.

ATH Þetta skjal er dæmi um það hvernig fylla á út sértæk gæðaviðmið sem senda þarf til úttektarfyrirtækis. Þetta eru hugmyndir um það hvernig er hægt að svara spurningunum og ber að skoða í því ljósi.

| 203-1 | Öryggi | Já | Á ekki við | Hvernig uppfyllt/skýringar |
|---------|--|----|------------|--|
| 203-1.1 | Fyrirtækið er með skriflegar öryggisáætlanir sem ná yfir allar ferðir þess og þjónustu gagnvart viðskiptavinum. | X | | Sjá meðfylgjandi gögn/viðauka í gæðahandbók/hlekk (aðgangur inn á innri vef). |
| 203-1.2 | Öryggisáætlanir eru endurskoðaðar a.m.k. árlega. | X | | Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að öryggisáætlanir séu endurskoðaðar árlega. Það er gert á sérstökum fundi um öryggismál þar sem m.a. atvikaskýrslur eru hafðar til hliðsjónar. Sjá nánar bls. 2 í öryggisáætlun. |
| 203-1.3 | Farið er yfir öryggisáætlanir fyrirtækisins með leiðsögumönnum á hverju ári. Til er skrifleg lýsing á því með hvaða hætti þetta er gert. | X | | Sjá bls. 2 í öryggisáætlun. Þann 10. 12. sl. var haldinn fundur með leiðsögumönnum þar sem farið var yfir öryggisáætlanir fyrirtækisins. Í apríl sl. komu allir leiðsögumenn á skrifstofu til að undirrita ráðningarsamning (verktakasamning) og um leið fengu þeir upplýsingar um öryggisáætlanir (rafrænn aðgangur eða gögn afhent). |

| | | | | |
|---------|--|---|--|--|
| 203-1.4 | Tryggt er að leiðsögumenn starfi samkvæmt öryggisáætlunum fyrirtækisins. Kemur t.d. fram í ráðningar- eða verktakasamningi. | x | | Kemur fram í ráðningar- og verktakasamningum sbr. meðfylgjandi sýnishorn. |
| 203-1.5 | Tryggt er að viðbragðsáætlanir séu ávallt með í ferðum. | x | | Sjá öryggisáætlun - Verklagsreglur bls. 7. |
| 203-1.6 | Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Aukafatnað. e. Snjóflóðaylur. f. Skóflur. g. Línur. h. Ísaxir. i. Leitarstangir. j. Varpoka/neyðarskýli. k. Sprungubjörgunarbúnað. l. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð. | x | | Sjá öryggisáætlun bls. 6 - Búnaðarlisti |
| 203-1.7 | Til er skrifleg áætlun um endurnýjun og viðhald öryggisbúnaðar sem m.a. byggir á skoðun/prófun, viðurkenndum viðmiðum, aldri og notkunartíma. | x | | Sjá öryggisáætlun- Viðauka 1/ Sjá meðfylgjandi innsend gögn. |
| 203-1.8 | Fyrirtækið heldur skrá (nafnalista) um menntun, þjálfun og reynslu allra leiðsögumanna sem fyrir það starfa, jafnt starfsmanna sem verktaka. | x | | Sjá meðfylgjandi lista/ aðgangur að rafrænni skráningu. |
| 203-1.9 | Leiðsögumenn hafa tækjabúnað og kunnáttu til að gefa upp staðsetningu og veita upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Eftirfarandi atriði eru nauðsynleg: a. Kunnáttu í rötun með notkun áttavita og korts. b. Kunnáttu í meðferð GPS. | x | | Ávallt er þess gætt að viðeigandi tækjabúnaður sé með í ferðum og að allir hafi æft sig í notkun hans sem er a.m.k. gert á árlegum þjálfunardegi sbr. meðfylgjandi nafnalista. Allir leiðsögumenn nema tveir eru með námskeið í Rötun. (sbr. nafnalista) Síðustu tveir eru á leið á námskeið í |

| | | | | |
|----------|--|---|--|---|
| | c. Þekking á viðeigandi fjarskiptamáta á mismunandi ferðasvæðum (t.d. sími um gervihnött, farsími, talstöð, Tetra til notkunar í fjallendi). | | | næsta mánuði sbr. meðfylgjandi staðfestingu á skráningu. EÐA Já allir leiðsögumenn hafa lokið formlegu leiðsögunámi eða námskeiðum frá AIMG (sjá nafnalista). EÐA Já, þjálfunardagur/innanhússnámskeið er haldin á hverju vori sbr. Viðauka 3 í öryggisáætlun/meðfylgjandi lýsingu. |
| 203-1.10 | Leiðsögumenn veita viðskiptavinum tilsögn í öryggisatriðum t.d.: a. Staðháttum og veðurskilyrðum. b. Viðeigandi skjólfatnaði og öðrum búnaði. c. Næringu, drykkjarföngum og aðgengi að vatni í ferð. d. Öryggisráðstöfunum þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna, t.d. þegar farið er um brattlendi, jökla og vatnsföll. e. Rétttri notkun öryggisbúnaðar. f. 112 neyðarnúmer á Íslandi. | x | | Sjá bls. 9 í öryggisáætlun – Öryggisræða leiðsögumanns fyrir ferð. |
| 203-1.11 | Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann eftir aðstæðum í hverri ferð. | x | | Sjá bls. 8 í öryggisáætlun – Hlutfall viðskiptavina og leiðsögumanna. |
| 203-1.12 | Fjöldi viðskiptavina á leiðsögumann er ekki meiri en: a. 12:1 við leiðsögn í fjallendi eða á jöklum þar sem ekki er þörf fyrir línu. b. 8:1 við leiðsögn á jöklum án tæknilegra erfiðleika þar sem viðskiptavinir ganga í línu. c. 4:1 þar sem beita þarf sérstökum klifurútbúnaði og viðskiptavinir eru tengdir í línu (<i>ofanvað/e. toppe</i>). | x | | Sjá bls. 8 í öryggisáætlun – Hlutfall viðskiptavina og leiðsögumanna. |

| | | | | |
|----------|---|---|---|--|
| | d. Fjöldi viðskiptavina á leiðsögumann á skriðjöklum tekur mið af erfiðleikum/áhættu þess að fara um tiltekinn jökul og er ákveðinn af yfirleiðsögumanni. | | | |
| 203-1.13 | Leiðsögumenn sjá til þess að hvorki viðskiptavinir né þeir sjálfir verði fyrir óhóflegri hávaðatruflun þar sem ferðast er með þyrlu. | | x | Ferðir fyrirtækisins fela ekki í sér þyrluferðir |
| 203-1.14 | Neyðarviðbrögð eru þjálfuð á hverju ári. Þjálfun miðast við tegund ferða og felst t.d. í eftirfarandi þáttum: a. Björgun úr sprungum og annars konar björgun með línum og tæknibúnaði. b. Aðferðum við björgun úr klettum. c. Snjóflóðaleit og aðrar tegundir bráðaleitar; notkun senditækja og leitarnema. d. Notkun neyðarbúnaðar til flutninga, t.d. notkun á björgunarbörum og umbúnaði sjúklinga fyrir flutning. | x | | Á hverju vori er haldinn þjálfunardagur á jökli og var síðast gert í lok mars sl. Sjá meðfylgjandi lýsingu á deginum, atriði sem var farið yfir og æfð (m.a. liðir a og d), ásamt nöfnum leiðbeinanda. Liðir b-c eiga ekki við um ferðir fyrirtækisins. |
| 203-1.15 | Til að undirbúa starfsfólk fyrir ferðir/verkefni hvers dags er farið yfir gátlista þar sem eftirfarandi atriði þurfa m.a. að koma fram: a. Allir þættir ferðaáætlunar og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá (leiðsögumenn kynna sér hana fyrir allar ferðir). c. Snjóflóðahætta og aðrar aðstæður til fjalla. d. Atriði sem tengjast hæfni og reynslu viðskiptavina. e. Nauðsynlegur búnaður. | x | | Leiðsögumannafundur er haldinn í byrjun hvers dags þar sem farið er yfir þessi atriði. Sjá nánar bls. 12 í Öryggisáætlun. EÐA Öll þessi atriði eru í Öryggisáætlun, sjá gátlista bls. 12. Þar kemur fram að öllum leiðsögumönnum ber að fara vandlega yfir þau í upphafi hversrar ferðar sbr. lýsingu í undirbúningi ferðar. |
| 203-1.16 | Leiðsögumenn ganga reglulega úr skugga um að viðskiptavinir séu í eðlilegu ástandi. Ef viðskiptavinur sýnir merki um vanlíðan, skerta líkamlega getu, ofkælingu eða annað sem veldur áhyggjum, grípur leiðsögumaður til aðgerða án tafar. | x | | Já, sjá verklagsreglur bls. 14 – Á meðan á ferð stendur. |
| 203-1.17 | Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs. | x | | Já sjá verklagsreglur bls. 12 – Undirbúningur ferða. |

| 203-2 | Umhverfi | Já | Á ekki við | Hvernig uppfyllt/skýringar |
|--------------|--|-----------|-------------------|---|
| 203-2.1 | Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd. | x | | Já sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók |
| 203-2.2 | Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir og farið er út í vatnsföll og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum. | x | | Já sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók. |
| 203-2.3 | Fyrirtækið notar skipulögð tjaldsvæði þar sem unnt er. Sé þess ekki kostur er gætt að því að ekki sjáist ummerki eftir dvölinna á staðnum. | | x | Ekki er boðið upp á tjaldferðir á vegum fyrirtækisins. |
| 203-2.4 | Ef kveiktur er eldur, skal eldiviður fluttur inn á svæðið, og þess gætt að hann sé að fullu slökktur áður en farið er af staðnum. Notað er eldstæði sem þegar er á staðnum þar sem unnt er, sbr. gildandi lög um náttúruvernd. | x | | Sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók. |
| 203-2.5 | Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði og þess er gætt að þeir fari að fyrirmælum þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi. | x | | Sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók. |
| 203-2.6 | Allur úrgangur og/eða búnaður sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður. | x | | Sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók. |
| 203-2.7 | Viðskiptavinir eru minntir á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu. | x | | Sjá kaflann Umhverfisáherslur í ferðum bls. 22 í meðfylgjandi gæðahandbók. |
| 203-3 | Menntun og þjálfun | Já | Á ekki við | Hvernig uppfyllt/skýringar |

| | | | | |
|---------|--|---|---|--|
| 203-3.1 | Leiðsögumenn hafa menntun og reynslu í fjallaleiðsögn. | X | | Leiðsögumenn sem starfa á vegum fyrirtækisins hafa margvíslega menntun og reynslu í fjallaleiðsögn. Sumir hafa lokið formlegu námi en aðrir stökum námskeiðum. Allir hafa mikla reynslu í fjalla- og jöklaferðum. Sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.2 | Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila. | X | | Já, sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. Ath. tveir eru á námskeiði núna og þrír eru skráðir á námskeiði í næsta mánuði, sjá meðfylgjandi staðfestingu. |
| 203-3.3 | Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Ferðamennska og Rötun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila. | | X | Flestir leiðsögumenn hafa lokið Fjallaleiðsögn 1 hjá AIMG og því er merkt við „Á ekki við“ Nokkrir hafa hins vegar lokið stökum námskeiðum vegna starfa í björgunarsveit - sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.4 | Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fjallamennska 1</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila. | | X | Flestir leiðsögumenn hafa lokið Fjallaleiðsögn 1 hjá AIMG og því er merkt við „Á ekki við“ Nokkrir hafa hins vegar lokið stökum námskeiðum vegna starfa í björgunarsveit - sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.5 | Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Snjóflóð 1</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila. | | X | Flestir leiðsögumenn hafa lokið Fjallaleiðsögn 1 hjá AIMG og því er merkt við valmöguleikann „Á ekki við“ Nokkrir hafa hins vegar lokið stökum námskeiðum vegna starfa í björgunarsveit - sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.6 | Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Sprungubjörgun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila. | | X | Flestir leiðsögumenn hafa lokið Fjallaleiðsögn 1 hjá AIMG og því er merkt við „Á ekki við“ Nokkrir hafa hins vegar lokið stökum námskeiðum vegna starfa í björgunarsveit - sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.7 | Leiðsögumenn hafa staðist námskeiðið <i>Fjallaleiðsögn 1</i> hjá AIMG eða sambærilegt námskeið hjá öðrum aðila. <i>Hafi leiðsögumaður staðist þetta námskeið eru ekki gerðar kröfur um að viðkomandi hafi lokið námskeiðum í samræmi við viðmið 203-3.3, 203-3.4, 203-3.5 og 203-3.6.</i> | X | | Já flestir, sjá yfirlit á meðfylgjandi nafnalista. |

| | | | | |
|----------|---|---|--|---|
| 203-3.8 | Yfirleiðsögumaður hefur staðist námskeiðið <i>Fjallaleiðsögn 2</i> hjá AIMG eða sambærilegt námskeið hjá öðrum aðila (<i>tekur gildi 1. janúar 2020</i>). | X | | Já sjá meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.9 | Yfirleiðsögumaður hefur a.m.k. tveggja ára eða 100 daga reynslu í fjallaleiðsögn. | X | | Já, sjá meðfylgjandi nafnalista. |
| 203-3.10 | Leiðsögumenn skrá reynslu sína, halda loggbók. | X | | Misjafnt hvort að þeir hafi gert þetta en fyrirtækið mun minna á þetta eftirleiðis. |